

Valgreinar í Landakotsskóla

skólaárið 2025-2026

Valgreinar í Landakotsskóla

Á unglingastigi í 8., 9. og 10. bekk í íslensku deildinni og alþjóðadeildinni velja nemendur sér námsgreinar sem henta áhugasviði þeirra. Valgreinarnar eru hluti af skyldunámi nemenda.

Valgreinar í Landakotsskóla eru fjölbreyttar og veita bæði fræðilega þekkingu og hagnýta færni. Með valgreinum fá nemendur tækifæri til að kynnst nýjum viðfangsefnum, dýpka þekkingu sína á völdu sviði og efla skapandi hugsun.

Aukið valfrelsi er til þess að nemendur nái að gera námið persónulegra og þróa eigið áhugasvið, auka víðsýni og þroska í námi.

Nemendur halda dagbók og ferilmöppu um alla valáfanga sem þeir taka. Áhersla er á að nemendur skrásetji reynslu sína og miðli henni í máli og myndum. Ferilmöppurnar og afrakstur verða kynntar á sýningu í skólanum í árslok.

Valgreinar í Landakotsskóla

Mikilvægt er að kynna sér vel hvaða val er í boði og að nemendur og foreldrar fari vel yfir þessa kynningu. Námsframboð er breytilegt og boðið er upp á einhver ný námskeið á hverju ári.

Mikilvægt er að nemendur velji áfanga vandlega út frá eigin áhuga. Valið á að byggja á áhuga og þörfum hvers og eins.

Kennarar í íslensku deildinni og alþjóðadeildinni bjóða upp á valáfanga og koma nemendur beggja deildanna saman í þessum valáföngum og blandast þvert á bekki og árganga.

Kennsla fer ýmist fram á íslensku eða ensku eða á báðum tungumálum.

Námsráðgjafi veitir ráðgjöf um námsval auk þess má leita til umsjónarkennara og stjórnenda um ráðgjöf.

Valgreinar í Landakotsskóla

Nemendur velja að hausti allar valgreinar fyrir allt árið og eru þær kenndar í 10 vikna lotum yfir skólaárið, alls þremur lotum:

Lota 1 - 9. september - 14.nóvember

Lota 2 - 25 .nóvember - 19 .febrúar

Lota 3 - 10.mars - 28. maí

Athugið: Vanda þarf valið vel. Valið er bindandi og **ekki er hægt að skipta um valgrein** þegar búið er að skila inn vali.

VAL I, VAL II, VAL III

Valgreinunum er skipt upp sem hér segir:

Flokkur	Fyrirkomulag	Kennslutími	Fjöldi valgreina sem þarf að velja í hverri lotu
VAL I	Kennt fyrir kl. 14:00	12:40 - 14:00 á þri og fös	Tvær valgreinar nauðsynlegar. Eina fyrir þr aðra fyrir fös.
VAL II	Kennt eftir kl. 14:00 í Landakotsskóla	14:10 – 15:30 (dagur kemur fram í námslýsingu)	Allt að tvær valgrein/ ar nauðsynlegar.
VAL III	Utanskólaval	Þátttaka nemenda í viðburðum utan skóla sem fæst metin sem valgrein (sjá glæru 8)	Allt að tvær valgrein/ar nauðsynlegar. Utanskólaval sem fæst samþykkt af skólanum telst sambærilegt valgrein úr VAL II (sjá glæru 8)

Velja þarf alls fjórar valgreinar, tvær í VAL I og tvær í VAL II eða VAL III

VAL I

Kennsla kl. 12:40-14:00 á þriðjudögum og föstudögum,

Ein valgrein er tvær kennslustundir í senn á viku (80mín).

Nemendur þurfa að **velja tvær valgreinar úr VAL I** fyrir hverja 10 vikna lotu.

VAL II

Kennsla kl. 14:10 – 15:30,

Ein valgrein er tvær kennslustundir í senn á viku (80mín).

Nemendur **velja allt að tvær valgreinar úr VAL II** í hverri lotu.

- Nemendur geta sleppt við VAL II ef þeir taka þátt í viðburðum utan skóla eða stunda tómstundir og fá metið (sjá glæru 8)

VAL III (utanskólaval)

Þátttaka í viðburðum utan skóla metið

Nemandi getur fengið metnar allt að 4 kennslustundir (160 mín.) á viku utan skóla (jafngildir tveimur valgreinum).

Nemandi þarf þá ekki að velja valgrein úr VAL II. Nemandi þarf engu að síður alltaf að velja tvær valgreinar úr VAL I.

Val utan skóla á sér stað eftir að skóladegi lýkur kl. 14:00. Athugið að foreldrar eða forráðamenn sjá um kostnað sem til fellur vegna þátttöku í tómstundarstarfi sem óskað er eftir að verði metið.

Nauðsynlegt er að skólinn fái staðfestingu frá viðkomandi aðila um viðurkenningu á vali utan skóla með því að fylla út þetta eyðublað: [Umsókn um val utanskóla — Landakotsskóli](#)

Að ósk foreldra er heimilt að fá metið félagsstarf, tómstundir eða nám utan skólans s.s.:

- tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífi
- reglubundna þátttöku í
 - félagslífi
 - íþróttum
 - skipulögðu sjálfböðastarfi enda falli það að markmiðum skólastarfs
 - skipulagt nám utan grunnskóla, t.d. nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla.

Valgreinar í Landakotsskóla

Það skal tekið fram að skólinn getur ekki tryggt að hægt verði að koma til móts við óskir allra nemenda varðandi val en reynt er að koma til móts við nemendur eins og hægt er.

Nemendur eru því beðnir um að númera val sitt sem fyrsta, annað og þriðja sæti fyrir VAL I á þriðjudegi og VAL I á föstudegi, vera kann að fyrsta val nemanda sé fullskipað eða að það falli niður og þarf því að skoða varaval nemanda og það tekið í staðinn.

- Athugið að 10. bekkur er í forgangi um val á valáföngum, svo 9. bekkur og loks 8. bekkur.
- Fyrirvari. Skólinn áskilur sér allan rétt til að draga til baka námsframboð um valgreinar ef ekki er nægileg þátttaka, og þess verður gætt að fjöldi nemenda í námi verði viðráðanlegur fyrir hverja námsgrein.

VAL I

Yfirlit valgreina 2025-2026

- Aðstoð á yngsta stigi
- Árshátíðarmyndband
- Árbók Landakotsskóla
- Bílskúrsband
- First LEGO League
- Grafísk hönnun - þrívíddarhönnun
- Heimildamyndagerð
- Heimspeki og gagnrýnin hugsun – að bera ábyrgð á sjálfum sér
- Hönnun og smíði

VAL I

Yfirlit valgreina 2025-2026

- Íþróttaval
- Model UN – Sameinuðu þjóðirnar
- Myndlist, teikning og hönnun
- Myndasögugerð
- Rafmögnuð tónlist
- Skapandi skrif
- Skrautskrift – Scriptorium
- Spænska
- Tökum París
- Teikning, olíumálning og vatnslitamálun

VAL II

Yfirlit valgreina 2025-2026

- Skák
- Skrekkur – undirbúningur og sýning á Skrekksatriði Landakotsskóla
- Stærðfræðival 1
- Stærðfræðival 2
- Stærðfræðival 3
- Tækniskólaval

VAL I

Aðstoð á yngsta stigi

Nemendur á unglingastigi aðstoða nemendur og kennara á yngsta stigi Landakotsskóla.

Aðstoð getur falist í ýmsum verkefnum sem viðkomandi umsjónarkennari leggur fyrir s.s. þátttaka í leikjum, lestri fyrir yngri nemendur, fylgd nemenda í vettvangsleiðöngnum og fl.

Nemendur geta unnið með yngsta stigi í íslensku deildinni eða alþjóðadeildinni.

Markmið:

- Að nemendur kynnist og taki þátt í starfi skólans með yngstu nemendum okkar undir leiðsögn kennara.
- Að nemendur njóti samvista við börn og öðlist færni í vinnu með börnum á leikskólaaldri og grunnskólanemendum á yngsta stigi.

Kennari: Umsjónarkennarar á yngsta stigi.

Kennt: á þriðjudögum og föstudögum, lota 1, 2, 3 .

VAL I

Árshátíðarmyndband

Verkefni námskeiðsins er að búa til myndband sem er sýnt á árshátíð skólans sem er haldin á vorin.

Nemendur vinna saman sem ein heild að framleiðslu árshátíðarmyndbands. Nemendur þjálfast í teymisvinnu og móta verkefnið saman. Nemendur skipuleggja verkefnavinnu og hlutverk hvers og eins þátttakenda s.s. handritagerð, upptöku/ myndatöku, hljóðvinnslu, grafíska miðlun og leik í myndbandinu. Markmiðið er að skapa eitthvað saman, eitthvað skemmtilegt, frumlegt sem skilur eftir sig minningar um skólagöngu í Landakotsskóla .

Eingöngu í boði fyrir: 10. bekkinga í íslensku deildinni og 10th grade nemendur í alþjóðadeildinni.

Kennari: Sinéad McCarron .

Kennt: á föstudögum, lota 2.

Tungumál: kennsla fer fram á ensku.

VAL I

Árbók Landakotsskóla

Nemendur vinna að árbók Landakotsskóla og safna og ritstýra skrifum, myndum og öðru skemmtilegu efni. Árbók er gefin út að vori og er til sölu fyrir nemendur skólans. Nemendur hanna tvær útgáfur af árbók, eina árbók fyrir unglingastig 8. - 10. bekkja beggja deilda og aðra fyrir yngri bekkina frá 5 ára til 7. bekkjar.

Undir leiðsögn læra nemendur að vinna saman að útgáfu árbókar. Árbókararnemendur vinna í teymum að ritstjórn, textaskrifum, ljósmyndun, hönnun og myndskreytingu. Nemendur safna saman öllum upplýsingum og ljósmyndum allra nemenda í skólanum fyrir útgáfurnar, læra að setja upplýsingar og myndefni skipulega fram og ganga frá bókinni til prentunar.

Eingöngu í boði fyrir: 10. bekinga í íslensku deildinni og 10th grade nemendur í alþjóðadeildinni.

Kennari: Jennifer Thompson.

Kennt: Árbók er heilsársval (valið á við um lotu 1, 2, 3) og kennt á þriðjudögum.

Tungumál: kennsla fer fram á ensku.

VAL I

Bílskúrsband

Tónlistarsenan á Íslandi er drifin áfram af grasrótarhljómsveitum sem verða oftár en ekki til í bílskúrum og kjöllum þar sem meðlimir læra að spila saman með því að taka ábreiður (en. cover) og semja nýja tónlist.

Í þessu vali ætlum við að koma saman sem tónlistarfólk, velja lög til að taka ábreiður af, og finna hvernig það er að spila með öðrum. Við kynnumst betur hljóðfærunum, lærum að tala saman eins og tónlistarflytjendur og prófum að spila á fleiri hljóðfæri, ef áhugi er fyrir hendi. Við notum hljóðfæri sem eru til í skólanum eða nemendur koma með sín eigin. Við lærum á forrit sem hjálpa okkur að æfa og vinna saman.

Áhersla verður lögð á lifandi flutning og tónleikahald á önninni.

Kennari: Andri Pétur Dalmar Dagnýjarson

Kennt: á föstudögum, lota 1.

VAL I

First LEGO League

Námskeiðið felst í að leysa þrautir og keppa í First Lego League þann 8. nóvember við Háskóla Íslands. First Lego League er alþjóðleg Lego keppni sem nær til yfir 600.000 ungmenna í 110 löndum víða um heim.

Allt að 10 nemendur geta tekið þátt, áhersla er á teymisvinnu, hvert teymi:

- hannar og forritar LEGOþjark (vélmenni) sem leysir þrautir ársins í vélmennakapphlaupi.
- tekur þátt í nýsköpunarverkefni með því að kanna og leysa raunveruleg vandamál sem tengjast viðfangsefni (þema) hvers árs.
- byggir upp góðan liðsanda og keppnisanda.

Námskeiðið hentar áhugasömum og lausnarmiðuðum nemendum sem vilja kynnast teymisvinnu, rannsaka ný viðfangsefni og vinna að nýsköpun.

Kennari: Sinead McCarron

Kennt: á þriðjudögum og föstudögum, lota 1.

Tungumál: kennsla fer fram á ensku.

VAL I

Grafísk hönnun - þrívíddarhönnun

Nemendur öðlast þekkingu á notkun hugbúnaðar eins og Adobe Creative.

(Illustrator/Photoshop/InDesign/Animate) og 3D Blender. Nemendur ná grunnþekkingu og færni í myndvinnslu, að vinna með tölvugrafík og læra að byggja þrívíddarteikningu í tölvu.

Nemendur geta einnig nýtt þetta námskeið til að afla sér þekkingar á teiknimyndagerð og myndvinnslu.

Nemendum gefst tækifæri til að heimsækja staði eins og FabLab í Breiðholti, og kanna hvernig megi útfæra eigin verkefni með aðstoð þrívíddarprentunar, leyserkurðtækni, línó-snitt eða öðrum aðgerðum.

Kennari: Sinead Aine McCarron

Kennt: á þriðjudögum, lota 2 og 3.

Tungumál: kennsla fer fram á ensku.

VAL I

Heimildarmyndagerð

Heimildarmyndagerð er skemmtileg og skapandi leið til að rannsaka heiminn í kringum okkur, skilja ólík sjónarhorn og horfa á nærumhverfið gegnum nýja linsu.

Unnið verður með fjölbreytta þætti heimildarmyndagerðar á borð við myndatöku, hljóðvinnslu, klippingu, viðtalstækni, siðfræði og ábyrgð höfundar.

Kennari: Karna Sigurðardóttir.

Kennt: á þriðjudögum, lota 1 og 2.

VAL I

Heimspeki og gagnrýnin hugsun – að bera ábyrgð á sjálfum sér

Það er markmið áfangans að nemendur kynnist gagnsemi og mikilvægi gagnrýnnar hugsunar þegar kemur að læsi á umhverfið, upplýsingaflæði nútímans og skoðunum og hugmyndum okkar sjálfra og annarra. Nemendur læra að nota þessa þjálfun til að byggja upp eigin skoðanir fremur en að rífa niður skoðanir annarra og öðlast skilning á mikilvægi þess að hver einstaklingur sé hluti af heild samfélagsins og beri ábyrgð á eigin afstöðu og málflutningi.

Við lesum stutta texta úr sögu heimspekinnar og setjum kenningar heimspekinga í samhengi við nútímann og daglegt líf.

- **Hlustið vandlega, íhugið af heilindum, spyrjið spurninga til að auka skilning -**

Kennari: Dýrleif Dögg Bjarnadóttir

Kennt: á þriðjudögum, lota 3.

VAL I

Hönnun og smíði

Í þessu vali fá nemendur á unglingastigi tækifæri til að nýta reynslu sína og þekkingu úr smíðastofunni til að hanna og smíða eigin verkefni. Undir leiðsögn kennara velur hver og einn nemandi það sem viðkomandi langar að hanna og búa til.

Við leggjum áherslu á að virkja frumkvæði nemenda og gefa þeim frelsi til að láta eigin hugmyndir verða að veruleika.

Kennari: Friðrik Steinn Friðriksson

Kennt: á þriðjudögum, lota 1, 2, 3.

VAL I

Íþróttaval

Íþróttaval er kennt í KR og á útisvæði við Landakotsskóla. Lögð er áhersla á almenna, fjölbreytta líkamsrækt. Nemendur læra grunnfærni líkamspjálfunar til heilsubótar: að auka þol og styrk, afla sér þekkingar á eigin líkama og getu, skipulag og notkun æfinga.

Nemendur læra að umgangast tæki í tækjasal, lóð og annan búnað því tengdu ásamt æfingum í íþróttasal og á útisvæði.

Kennslan er að mestu leyti verkleg en bóklegi hlutinn fer fram í kennslustofu þar sem farið er yfir þætti tengda mataræði, lífsstíl og líkamanum. Nemendur fara í heimsóknir, s.s. í Klifurhúsið. Nauðsynlegt að nemendur komi í viðeigandi klæðnaði og skófatnaði í kennslustund.

Kennari: Borsche Ilievski og Antoine Boris Pierre Méra.

Kennt: á föstudögum, lota 1, 2, 3.

Tungumál: kennsla fer fram á íslensku og ensku.

VAL I

Model UN – Hermilíkan Sameinuðu þjóðanna

Hvað er Hermilíkan Sameinuðu þjóðanna? Hermilíkan Sameinuðu þjóðanna (líka þekkt sem Model UN eða MUN) fá nemendur tækifæri til að leika sendiherra mismunandi landa.

Þátttakendur setja á svið hlutverk Sameinuðu þjóðanna og velja sér lönd og tala máli þeirra fyrir ímynduðu þingi Sameinuðu þjóðanna og leita leiða til að leysa alþjóðleg vandamál (málefni Öryggisráðsins og Almenns þings Sameinuðu þjóðanna eru vinsælust).

Hér fá nemendur tækifæri til þess að æfa sig í að rökræða og fylgja jafnframt eftir reglum þings Sameinuðu þjóðanna. Það er undir nemendum komið hversu formlegt þetta er.

<https://una.org.uk/get-involved/learn-and-teach/model-un-portal>.

Kennari: Bekka Lochsa Ashcraft

Kennt: á þriðjudögum, lota 2, 3.

Tungumál: kennsla fer fram á ensku.

VAL I

Myndlist, teikning og hönnun

Á fyrri hluta námskeiðs er rýnt í fjölbreyttar leiðir myndlistar og sköpunar, og kannað hvernig vinna má með mismunandi tækni og efni í listsköpun.

Á seinni hluta námskeiðs er unnið að persónulegu verkefni með hliðsjón af því sem áður var lært um myndlist, teikningu og hönnun.

Kennari: Cindy Leplar.

Kennt: á þriðjudögum, lota 1, 2, 3.

Tungumál: kennsla fer fram á íslensku og ensku.

VAL I

Myndasögugerð

Nemendur læra að vinna með myndrænar frásagnir, þjálfast í að vinna með persónusköpun, frásagnarform og hvernig megi gæða myndasögur lífi.

Unnið er með blýant og blek að gerð myndasögu sem gefa mætti út í prentuðu formi eða á netinu.

Kennari: Guy Conan Stewart.

Kennt: á föstudögum, lota 3.

Tungumál: kennsla fer fram á íslensku og ensku.

VAL I

Rafmögnuð tónlist

Nemendur læra þær ólíku leiðir sem hægt er að fara í því að búa til raftónlist. Við munum læra um sögu raftónlistar og kynnast tækninni sem liggur að baki, prófa hljóðgervla (syntha) og samplera og læra að taka upp og vinna með hljóð úr umhverfinu.

Síðast en ekki síst læra nemendur á tónlistarforrit, sem mun gera þeim kleift að búa til sína eigin tónlist frá grunni.

Kennari: Kristín Anna Valtýsdóttir.

Kennt: á föstudögum, lota 2.

VAL I

Skapandi skrif

Hvað gera rithöfundar? Hvernig hugsa rithöfundar? Hvernig skapa rithöfundar sögurnar sínar? Í þessu vali verða spurningar sem þessar skoðaðar og sköpunarkrafturinn og ímyndunaraflið leyst úr læðingi. Persónusköpun, skáldheimar og spenna verður í forgrunni. Við munum lesa, ígrunda og ræða ýmsa skáldtexta og skáldsöguhluta í þeim tilgangi að skilja betur hvað höfundur textans var að hugsa og draga lærdóm af því. Við munum einnig spreyta okkur á því að skrifa okkar eigin skáldsögutexta.

Athugið: Hér verður búist við þó nokkrum skrifum, hvort sem er í tölvu eða á blaði, ásamt lestri, við hvetjum þau sem semja sögur og sjá fyrir sér að skapa heilu bíómyndirnar í huganum að taka þátt.

Og munum: Ef hljóðfæraleikarar læra á því að spila lög annarra, af hverju ættu rithöfundar ekki að læra að skrifa eins og uppáhaldsrithöfundarnir þeirra? Við byrjum öll sem byrjendur.

Kennari: Andri Pétur Dalmar Dagnýjarson.

Kennt: á föstudögum, lota 3.

VAL I

Skrautskrift - Scriptorium

Þátttakendur læra kalligrafíu (stundum þekkt sem skrautskrift), listina að skrifa fallega. Nemendur læra grunnatriði í kalligrafíu og velja eigin stíl til að nota í lokaverkefni.

Kalligrafía er grunnurinn að vestrænni skrift og kemur að öllum birtingarmyndum lettra, frá týpógrafíu og grafískri hönnun til götulistar.

Í námskeiðinu fá nemendur tækifæri til að einbeita sér að eigin verkefnum, sökkva sér ofan í viðfangsefnið og vinna á eigin hraða.

Kennari: Guy Conan Stewart.

Kennt: á föstudögum, lota 1, 2.

Tungumál: kennsla fer fram á íslensku og ensku.

VAL I

Spænska

Í spænsku læra nemendur að tjá sig við einfaldar aðstæður, þjálfra hlustun og æfa framburð. Nemendur læra að beita grunnatriðum spænskrar málfræði og tileinka sér fjölbreyttan orðaforða.

Einnig verður farið yfir spænska/suður-ameríska menningu og munu nemendur læra um Spán/Suður Ameríku, horfa á spænskar/suður-amerískar kvikmyndir og læra um spænska/suður-ameríska tónlist.

Kennari: Madeleine Adeline C. Boucher.

Kennt: á föstudögum, lota 1, 2.

Tungumál: kennsla fer fram á ensku.

VAL I

Teikning, olíumáling og vatnslitamálun

Nemendur vinna sjálfstætt að eigin verkefnum. Nemendur fá þjálfun í því að vinna út frá ákveðnum kveikjum og að finna persónulegar leiðir að túlkun og úrlausnum verkefna.

Nemendur vinna með mismunandi miðla. Áhersla er á að vinna með myndflötinn og rannsaka möguleika ólíkra miðla og aðferða á myndbyggingu. Nemendur nýta sér ólíkar aðferðir teikningar og málunar með mismunandi áhöldum til að kanna áferð og áhrif s.s.blýanta, kola, tússpenna, pastelkríta, olíulita, akríllita, gvasslita, bleks og vatnslita.

Kennari: Louise Harris.

Kennt: á föstudögum, lota 1, 2, 3.

Tungumál: Enska

VAL I

Tökum París

Námskeiðið er fyrir nemendur sem hafa mikinn áhuga á að læra meiri frönsku. Nemendur þurfa að vera virkir og áhugasamir í tímum.

Kennt er allan veturinn og endar með ferð til Parísar. Námskeiðið felst í undirbúningi fyrir Parísarferð. Nemendur undirbúa kynningu fyrir samnemendur á stöðum sem verða hugsanlega heimsóttir, t.d. katakomburnar sem liggja undir París, Eiffeltúrninn sem allir þekkja, Le Marais (Mýrin) og annað sem okkur dettur í hug. Til hliðsjónar verður unnið með bókina "24 heures à Paris, une journée, une aventure". Við munum vinna með lesskilning, hlustun (ásamt lögum sem tengjast stöðunum eða sögu Parísarborgar), ritun með ferðabók og tal. Ef til vill verðum við í samskiptum við frönskuskóla í París. Farið verður í ferðina í kringum síðustu helgina í maí eða á þemadögum.

Það er heimavinna í þessu námskeiði.

Fyrir: 9. og 10. bekk.

Kennari: Solveig Simha.

Kostnaður: 150.000 -170.000 krónur. Í boði verður fjáröflun (kynnt síðar).

Kennt: Tökum París er heilsársval (valið á við um lotu 1, 2, 3) og kennt á föstudögum.

VAL II

Myndlist, teikning og hönnun

Nemendur geta tekið þennan áfanga að auki eða í staðinn fyrir VAL I lista valáfangana.

Á fyrri hluta námskeiðs er rýnt í fjölbreyttar leiðir myndlistar og sköpunar, og kannað hvernig vinna má með mismunandi tækni og efni í listsköpun.

Á seinni hluta námskeiðs er unnið að persónulegu verkefni með hliðsjón af því sem áður var lært um myndlist, teikningu og hönnun.

Kennari: Cindy Leplar.

Kennt: á miðvikudögum, lota 1, 2, 3.

Tungumál: kennsla fer fram á íslensku og ensku.

VAL II

Skák

Nemendur fá skákfræðslu og æfa sig að tefla og undirbúa sig undir mót. Á síðustu misserum hefur smám saman byggst upp öflugt skákstarf í skólanum og hefur skólinn til dæmis verið með stór og öflug lið á Reykjavíkurmóti grunnskóla.

Kennari: Gauti Páll Jónsson.

Kennt: Skák er (valið á við um lotu 1, 2, 3) og kennt á föstudögum.

VAL II

Skrekkur – undirbúningur og sýning á Skrekksatriðið Landakotsskóla

Skrekkur er árleg hæfileikakeppni fyrir grunnskólanemendur í Reykjavík, en þátttakendur keppa sem fulltrúar Landakotsskóla.

Nemendur fá þjálfun í spunavinnu, samvinnu, raddbeitingu, beitingu líkamans, handritavinnu, tónlistarvinnu, persónusköpun, læra að skipuleggja vinnuna sína, kanna tæknilegar víddir sviðslista og huga að eigin hæfileikum í anda samvinnu og sköpunargleði.

Mikil viðvera er í kringum sýninguna, að hluta utan stundatöflu skóladagsins.

Mikilvægt er að nemendur mæti vel á æfingar sem ekki eru á skólatíma.

Skrekkur er eftirskólaval og kennt einu sinni í viku kl. 14:10 – 15:30 og nemendur íslensku deildarinnar og alþjóðadeildar taka þátt.

Kennarar: Solveig Simha og Guy Conan Stewart.

Kennt: lota 1.

Tungumál: Íslensku og enska.

VAL II

Stærðfræðival 1

Námskeiðið er byggt á núlláfangabókinni Stærðfræði 1 sem gefin er út af Iðnú og er grundvöllur fyrir stærðfræði 8., 9. og 10. bekkjar

Námskeiðið hentar nemendum í 8. og 9. bekk sem eru sterkir í stærðfræði og hafa áhuga á frekari áskorunum með því að taka framhaldsskólaáfanga næsta vetur. Jafnframt er þetta gott val fyrir 10. bekkinga sem vilja styrkja sig í stærðfræði og eru tilbúnir að leggja á sig meiri vinnu.

Kennari: Höskuldur Marselíusarson.

Kennt: Stærðfræðival 1 er (valið á við um lotu 1, 2, 3) og kennt á föstudögum.

Tungumál: kennsla fer fram á íslensku.

VAL II

Stærðfræðival 2

Farið er yfir efni grunnáfanga í stærðfræði við Menntaskólann í Hamrahlíð. Fyrsti áfanginn í stærðfræði í MH, STÆR2AA05, er kenndur á einu ári og endar á prófi í Menntaskólanum í Hamrahlíð um vorið, og getur gilt til eininga upp í stúdentspróf í MH.

Þessi áfangi hentar vel fyrir þá sem eru búnir með stærðfræðival1 en einnig fyrir nemendur í 10. bekk með góðan grunn sem eru tilbúnir að leggja á sig mikla vinnu.

Kennari: Höskuldur Marselíusarson.

Kennt: Stærðfræðival 2 er (valið á við um lotu 1, 2, 3) og kennt á föstudögum.

Tungumál: kennsla fer fram á íslensku.

VAL II

Stærðfræðival 3

Annar áfanginn í stærðfræði í MH, STÆR2BB05, sem er kenndur að vori þar. Í Landakotsskóla er hann kenndur á einu ári og endar á prófi í Menntaskólanum við Hamrahlíð um vorið, og getur gilt til eininga upp í stúdentspróf. Gott að vera búin með stærðfræðival 1 og 2.

Kennari: Höskuldur Marselíusarson.

Kennt: Stærðfræðival 2 er (valið á við um lotu 1, 2, 3) og kennt á föstudögum.

Tungumál: kennsla fer fram á íslensku.

.

VAL II

Tækniskólaval – 10. bekkur

Í boði er fyrir 10. bekkinga að taka verk- og listgreinaval í Tækniskólanum. Hver nemandi tekur þrjú tímabil af fjórum (skipulagt af Tækniskólanum), Nemendur velja sér þrjár greinar sem vekja mestan áhuga en í boði eru eftirfarandi greinar:

1. Hönnun og nýsköpun (Hafnarfirði og Skólavörðuholti)
2. Tréið (Hafnarfirði og Skólavörðuholti)
3. Pípulagnir (Hafnarfirði)
4. Málaraið (Skólavörðuholti)
5. Múrarið (Skeljanes)
6. Rafið (Hafnarfirði og Skólavörðuholti)
7. Málmið (Hafnarfirði)
8. Sjómennska (Háteigsvegi)
9. Forritun og vefsmíði (Hafnarfirði og Skólavörðuholti)
10. Ljósmyndun og myndvinnsla (Hafnarfirði og Skólavörðuholti)
11. Hársnyrting (Skólavörðuholti)
12. Föt og fylgihlutir (Skólavörðuholti).

Kennt: Þrír samliggjandi tímar á viku í 6 vikur á fimmtudögum kl. 15:20-17:20.